



UMHVERFISSTEFNA ÍSÍ

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og samkvæmt íþróttalögum æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu. ÍSí styður hvers kyns viðleitni til að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda og leggur sitt af mörkum til að nýta orku og náttúruauðlindir á eins sjálfbæran hátt og kostur er.

ÍSí er hluti af íslensku samfélagi og leitast við að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum með því að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykka, innlendra áætlana og leiðarvísi Alþjóða Ólympíunefndarinnar (IOC) um íþróttir og umhverfi.

ÍSí er meðvitað um áhrif mannlífs á auðlindir og umhverfi og leitast við að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri sinni starfssemi. ÍSí hvetur einnig sérsambönd, héraðssambönd og íþróttabandalög til að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu íþróttastarfi og samþætta umhverfishugsun inn í dagleg störf, enda þarf íþróttastarf að fara fram í sátt við við náttúruna og nánasta umhverfi.

ÍSí mun skoða eftirfarandi atriði sérstaklega :

1. Íþróttir og umhverfi í alþjóðlegu samhengi.
2. Íþróttamót, ráðstefnur og fundir á eins umhverfisvænan hátt og kostur er.
3. Skipulagsmál og íþróttamannvirki.
4. Íþróttamannvirki og orkunotkun.
5. Vistvæn innkaup.
6. Flokkun úrgangs og endurvinnsla.

1. Íþróttir og umhverfi í alþjóðlegu samhengi.

Breytingar á loftslagi er hnattrænt vandamál og mun ÍSí í alþjóðastarfi hvetja til að umhverfissjónarmið séu höfð til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar um staðsetningu íþróttaviðburða, alþjóðlegra funda og ráðstefna.

2. Íþróttamót, ráðstefnur og fundir á eins umhverfisvænan hátt og kostur er.

ÍSí mun taka mið af umhverfissjónarmiðum ekki síður en af félagslegum þáttum þegar staðsetning funda og ráðstefna eru ákvörðuð og hvetur sérsambönd, íþróttafélag og íþróttafélög til gera slíkt hið sama þegar íþróttaviðburðir og mótahald eru ákvörðuð, skipulögð og tímasett.

3. Skipulagsmál og íþróttamannvirki.

ÍSí bendir á að umhverfissjónarmið eigi að vera hluti af skipulagsmálum sveitarfélaga og þegar íþróttamannvirki eru skipulögð þurfi aðkoma og aðgengi að þeim að vera eins auðveld og hægt er fyrir **alla**. Auðvelt aðgengi íbúa að útivistarsvæðum hvetur til almennrar hreyfingar sem er um leið heilsueflandi. Lágmarks ferðatími og kostnaður, auðveld aðkoma gangandi og hjólandi svo og góðar almenningssamgöngur eru umhverfisþættir sem horfa á til.

4. Íþróttamannvirki og orkunotkun

Markviss samþætting á umhverfissjónarmiðum í rekstri íþróttamannvirkja, hefur áhrif í þá átt að

draga úr hitunarkostnaði, svo og rafmagns- og vatnsnotkun.

5. Vistvæn innkaup

ÍSÍ leitast við að kaupa inn umhverfisvænar rekstrarvörur og gætir þess að velja frekar endurvinnanlegan varning ef um einnota vörur er að ræða. ÍSÍ hvetur einnig sambandsaðila til að gera slíkt hið sama og nota frekar vörur sem hægt er að senda í endurvinnslu að notkun lokinni.

6. Flokkun úrgangs og endurvinnsla

ÍSÍ leitast við að flokka allan úrgang eins vel og því verður við komið og stefnir að því að koma upp flokkunaraðstöðu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal til að auðvelda endurvinnslumöguleika á úrgangi sem til fellur. ÍSÍ reynir eins og kostur er að fara sparlega með pappír og aðrar rekstrarvörur og horfir til þess í innkaupum að varninginn megi endurvinnna.

Samþykkt á 72. Íþróttapingi ÍSÍ 17.-18. apríl 2015 í Gullhömrum í Grafarvogi, Reykjavík.